



Skýrsla starfshóps um endurskoðun rekstrarsamninga við íþróttafélög í Reykjanesbæ

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1. Stöðugildi til Keflavíkur og Njarðvíkur.....	3
2. Samningur við knattspyrnudeildir UMFN og Keflavíkur um rekstur svæða.	3
3. Samstarfssamningar við Keflavík, íþrótta- og ungmennafélag og UMFN.....	4
4. Rekstrarstaða Fimleikadeildar Keflavíkur.....	4
5. Reykjaneshöllin.....	5
6. Akademían.....	6
7. Samningur við ÍRB um þátttöku í þjálfaralaunum.....	6
8. Stöðugildi ÍRB.....	6
9. Sundráð ÍRB.....	7
10. Styrkumsókn körfuknattleiksdeildar Keflavíkur.....	7
11. Samningar við Golfklúbb Suðurnesja.....	7
12. Hestamannafélagið Máni.....	8
13. Hvatagreiðslur.....	8
14. Tómsundur aldraðra.....	8
Lokaorð.....	9

Inngangur

Hlutverk nefndarinnar var að skoða fjárhagsstöðu félaga og deilda í Reykjanesbæ með tilliti til þarfa íþróttahreyfingarinnar og um leið að skapa betri rekstrargrundvöll deilda. Um leið skal leita leiða til hagræðingar með auknu samstarfi deilda og félaga til að tryggja velferð og rekstur sem og að meta áætlaða þörf og koma með tillögur að nýjum samningum sem verða síðan lagðir fyrir íþrótt- og tómsundaráð til umsagnar.

Nefndin hélt alls sex fundi og voru allir samningar skoðaðir sem og fjárhagsstaða allra deilda.

Í aðdraganda bæjarstjórnarkosninga vorið 2022 kom fram mikil umræða um íþrótt- og tómsundastarf sveitarfélagsins. Allir flokkar sem eiga aðild að bæjarstjórn Reykjanesbæjar voru sammála um að stórauka þurfi fjárframlög til málaflokksins enda sýna opinberar tölur að Reykjanesbær er langt frá þeim sveitarfélögum sem við viljum bera okkur saman við, þegar kemur að fjárframlögum til málaflokksins. Hlutfall Reykjanesbæjar er um 7%, en landsmeðaltalið er um 10%, auk þess sem sum sveitarfélög eru vel yfir 10%.

Sú regla hefur skapast að samningar við sveitarfélagið eru krónutölusamningar án neyslu- eða launavísitöluhækkunar. Með mikilli hækkun launa og vöruverðs undanfarin ár verður ekki hjá því komist að samningar framtíðarinnar verði vísitölutengdir.

Rekstur nær allra deilda er gríðarlega erfiður ekki síst eftir hin erfiðu Covid ár þar sem að mikilvægar fjáraflanir féllu niður og allt starf deilda riðlaðist verulega.

Málaflokkur íþrótt- og tómsundamála er undirmannaður. Til samanburðar starfa 47 starfsmenn við málaflokkinn í Reykjanesbæ, samanborið við 74 á Akureyri. Mjög þekkt er að íþróttfélög geri samninga við sveitarfélögin um rekstur mannvirkja sem og að beinn fjárstyrkur komi til félaganna til þess að ráða starfsfólk til að geta haldið utan um nauðsynlega sjálfboðaliða sem starfa á vettvangi íþróttastarfsins og gerir starfið mun faglegra.

Það er mat nefndarinnar að stórauka þurfi fé til málaflokksins. Einnig þarf að nýta betur það fé sem nú þegar er í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, með auknu samstarfi íþróttfélaga og sveitarfélagsins, öllum til hagsbóta. Hér eru allir í sama liði.

Skýrsla þessi mun varpa nokkuð skýru ljósi á það sem gera þarf í Reykjanesbæ til að rétta hlut málaflokksins.

Jónas Guðni Sævarsson

**formaður nefndar um endurskoðun rekstrarsamninga
við íþrótt- og tómsundafélög í Reykjanesbæ.**

1. Stöðugildi til Keflavíkur og Njarðvíkur

Nefndin telur að megin forsenda þess að bæta megi rekstrarumhverfi félaganna sé með auknum stuðningi við fjölgun stöðugilda á skrifstofum aðalstjórna. Fyrir nokkrum árum fengu félögin stuðning frá Reykjanesbæ til að ráða í stöðu íþróttastjóra, hefur sú staða margsannað gildi sitt og aukið mjög á faglegt starf félaganna. Félögin þurfa að þróast í takt við það sem er að gerast hjá sambærilegum félögum og því leggur nefndin áherslu á að félögin fái stuðning til þess að ráða fjármálastjóra og að starf markaðs- og viðburðarstjóra verði skoðað í næsta skrefi í þróun félaganna. Nefndin telur að með þessum störfum sé tekið stórt skref í að nútímavæða félögin og að hagur þeirra og Reykjanesbæjar sé mun betur tryggður með faglegu starfi þar sem vel er haldið á málum með öflugum starfsfólki enda um gríðarlega umfangsmikinn rekstur að ræða. Þetta er forsenda þess að hægt sé að ráðast í fleiri verkefni sem eru tekjuskapandi fyrir félögin og að auki sé hægt að fara í fleiri góð verkefni í samstarfi við Reykjanesbæ og aðra hagsmunaaðila. Með auknu faglegu starfi verður auðveldara að fá sjálfboðaliða að starfinu.

Nefndin leggur til að stutt verði við Keflavík og Njarðvík ungmennafélög að ráða til sín fjármálastjóra sem allra fyrst.

2. Samningur við knattspyrnudeildir UMFN og Keflavíkur um rekstur svæða.



Samningur Reykjanesbæjar við knattspyrnudeild UMFN hljóðar upp á 13.420.000. Sé samningurinn endurreiknaður miðað við vísitölu neysliverðs frá árinu 2013 ætti þessi samningur að vera 19.209.000 kr. m.v. febrúar 2023.

Tillaga nefndar er að samningur þessi hækki í 19.209.000 sem er sú upphæð sem ætti að vera ef samningurinn hefði fylgt verðlagsþróun.



Samningur Reykjanesbæjar við knattspyrnudeild Keflavíkur hljóðar upp á 23.960.000. Sé samningurinn endurreiknaður miðað við vísitölu neysliverðs frá árinu 2013 ætti þessi samningur að vera 34.296.000 kr. m.v. febrúar 2023.

Tillaga nefndar er að samningur þessi hækki í 34.296.000 kr. sem er sú upphæð sem ætti að vera ef samningurinn hefði fylgt verðlagsþróun.



Ef hækkanirnar ná fram að ganga þá væri sameiginleg tala fyrir báða samningana 53.505.000 kr. Nefndin leggur til að félögin fari í viðræður um hvort þau geti ekki nýtt fjármagnið betur t.d. með því að hafa einn vallarstjóra og að starfsmenn vallanna vinni meira saman og nýti tæki og tól sameiginlega. Að auki þá er lagt til að kannað verði hvort Golfklúbbur Suðurnesja geti tekið að sér slátt fyrir félögin.

3. Samstarfssamningar við Keflavík, íþrótt- og ungmennafélag og UMFN



Samstarfssamningur við UMFN hljóðar upp á 21.630.000 kr. Samningurinn var gerður í fyrsta sinn 28. janúar 2020 upp á 21.000.000 kr. Hefði samningurinn fylgt verðlagsþróun ætti samningurinn að vera upp á 25.804.658 kr. m.v. febrúar 2023

Nefndin leggur til að samningurinn hækki í 25.804.658 kr.



Samstarfssamningur við Keflavík hljóðar upp á 29.870.000 kr. Samningurinn var gerður í fyrsta sinn 28. janúar 2020 upp á 29.000.000 kr. Hefði samningurinn fylgt verðlagsþróun ætti samningurinn að vera upp á 35.635.004 kr. m.v. febrúar 2023

Nefndin leggur til að samningurinn hækki í 35.635.004 kr.

4. Rekstrarstaða Fimleikadeildar Keflavíkur



Fimleikadeild Keflavíkur á í miklum erfiðleikum með reksturinn, þrátt fyrir miklar hækkanir á æfingagjöldum. Erfiðlega hefur gengið að halda í þjálfara og enginn starfandi framkvæmdastjóri er við deildina eins og tíðkaðist hér fyrir nokkrum árum.

Það sem stendur deildinni helst fyrir þrífum er að hún er ekki starfrækt í húsnæði sem hentar deildinni og getur þ.a.l. ekki haldið mót og eða selt auglýsingar. Að auki hefur verið þrengt að deildinni á undanförunum árum s.s. með því að hýsa aðstöðu fyrir golf og nú þessa dagana er hluti af starfsemi Myllubakkaskóla í aðstöðu deildarinnar og hafa þau ekki geta aflað sér tekna með útleigu á salnum á morgnana sem þau gátu áður.

Deildin hefur bent á að hlutdeild þeirra í hvatagreiðslum hefur ekki verið eins og best verður á kosið þar sem að stór iðkendahópur hjá þeim er yngri en sex ára (það hefur nú verið lagfært frá 1. janúar 2023) en jafnframt er hlutdeild þeirra í þjálfara samningi við ÍRB alltaf að lækka. Þau fengu árið 2022 tæpar tvær milljónir samanborið við 2.500.000 kr. árið 2021 en iðkendaaldur í deildinni er frá 2 til 18 ára en þjálfarasamningurinn er fyrir börn á aldrinum 6 til 18 ára.

Nefndin leggur til að gerður verði samningur við Fimleikadeild Keflavíkur upp á 3.000.000 kr. til að efla barna og ungmennastarf deildarinnar og vonar jafnframt að mannvirkjanefnd Reykjanesbæjar finni varanlega lausn á húsnæðisvanda deildarinnar. Að auki þarf að hækka samning um þjálfarastyrk og finna lausn á að deildin fái hlut í þeim styrk fyrir stóran iðkendahóp deildarinnar sem eru á aldrinum 2 – 6 ára.

5. Reykjaneshöllin

Í fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 31.438.000 kr. í starfsmannakostnað.

Nefndin leggur til að gerður verði samningur við aðalstjórnir Keflavíkur og Njarðvíkur um rekstur Reykjaneshallarinnar og útivallar vestan hallarinnar.

Aðalstjórnir í samvinnu og samráði við knattspyrnudeildir UMFN og Keflavíkur taki við starfsmannahaldi Reykjaneshallar og að horft verði til knattspyrnuhúsa í Grindavík og Akranesi þar sem að knatthúsin eru mun sjálfbærari en Reykjaneshöllin er í dag. Næstu mánuðir verði nýttir til viðræðna við sveitarfélagið um verkefnið og að stefnt verði að því að aðalstjórnir geti tekið yfir reksturinn hið fyrsta.

Nefndin telur að ef rekstrarformi verði breytt t.d. með því að setja upp lyklabox og eldri borgarar opni húsið á morgnana þegar þau taka morgungönguna megi spara mikinn starfsmannakostnað á árs grundvelli. Aðalstjórnir þurfi þó að leggja fram áætlun til Reykjanesbæjar hvernig staðið yrði að framkvæmd tilfærslu þessarar. Starfsfólki sem nú starfar í Reykjaneshöllinni verði boðið starf í öðrum íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins.

1110 - Föst laun	17.609.000
1120 - Orlof	901.000
1205 - Föst yfirvinna	
1210 - Yfirvinna	1.039.000
1215 - Vaktaálag	5.122.000
1240 - Veikindi/forföll	
1370 - Önnur laun	
1630 - Orlofsuppbót	163.000
1631 - Desemberuppbót	374.000
1805 - Launatengd gjöld	
1810 - Tryggingargjald	1.806.000
1820 - Lífeyrissjóðir	3.381.000
1830 - Stéttarfélagsgjöld	893.000
1910 - Fatnaður starfsfólks	150.000

6. Akademían

Í fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir 15.242.000 kr. í starfsmannakostnaði.

Nefndin leggur til að gerður verði samningur við aðalstjórn Keflavíkur um rekstur Akademíunnar. Aðalstjórn í samvinnu og samráði við Fimleikadeild Keflavíkur taki við starfsmannahaldi Akademíunnar.

Nefndin telur að með breyttu rekstrarformi megi nýta betur það fjármagn sem áætlað er í starfsmannakostnað fimleikadeildinni til hagsbóta. Næstu mánuðir verði nýttir til viðræðna við sveitarfélagið um verkefnið og að stefnt verði að því að aðalstjórn Keflavíkur geti tekið yfir reksturinn hið fyrsta. Aðalstjórn þurfi þó að leggja fram áætlun til Reykjanesbæjar hvernig staðið yrði að framkvæmd tilfærslu þessarar. Starfsfólki sem nú starfar í Akademíunni verði boðið starf í öðrum íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins.

1110 - Föst laun	8.567.000
1120 - Orlof	1.075.000
1205 - Föst yfirvinna	
1210 - Yfirvinna	647.000
1215 - Vaktæðing	1.838.000
1240 - Veikindi/forföll	
1370 - Önnur laun	
1398 - Sértek eingreiðsla Rnb.	
1630 - Orlofsuppbót	82.000
1631 - Desemberuppbót	187.000
1805 - Launatengd gjöld	
1810 - Tryggingargjöld	877.000
1820 - Lífeyrissjóðir	1.427.000
1830 - Stéttarfélagsgjöld	442.000
1910 - Fatnaður starfsfólks	100.000

7. Samningur við ÍRB um þátttöku í þjálfaralaunum

Samningur Reykjanesbæjar við ÍRB um þátttöku í þjálfaralaunum hefur haldið í við verðlagsþróun en samningurinn var 18.000.000 kr. árið 2015 en hljóðar nú upp á 24.900.000 kr. 2023. Á sama tíma hefur íbúafjöldi Reykjanesbæjar aukist úr 14.907 í mars 2015 í 22.121 í janúar 2023, einnig hefur fjöldi iðkenda aukist verulega á sama tíma, fleiri félög eru starfrækt og þar af leiðandi eru mun fleiri þjálfarar að störfum, þjálfarar eru betur menntaðir og margir í fullu starfi við þjálfun.

Nefndin leggur því til í ljósi breyttra forsendna að samningurinn hækki í 30.000.000 kr. Nefndin leggur einnig til að aldursviðmið styrksins verði lækkuð, sem mun koma sér vel fyrir allar deildir með yngri iðkendur eins og til dæmis Fimleikadeild Keflavíkur. Að lokum er lagt til að þjálfarastyrkurinn verði tengdur fjölda iðkenda og þannig uppfærður einu sinni á ári.

8. Stöðugildi ÍRB

Flest íþróttabandalög, nefnum sem dæmi ÍBH, ÍBA og fleiri félög hafa starfsmann í fullu starfi til að sinna aðildarfélögum sínum. ÍRB hefur alla tíð verið rekið með sjálfboðaliðastarfi. Með stækkun ÍRB og fjölgun deilda er nú komið að því að ráða þurfi starfsmann á skrifstofu bandalagsins. Viðkomandi starfsmaður mun ekki einungis nýtast vel í því starfi sem nú fer fram í stækkandi bandalagi, heldur mun hann styrkja starf allra aðildarfélaga, auka aðhald á aðildarfélög og að auki styrkja samstarf aðildarfélaga og sveitarfélagsins. Með



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJANESBÆJAR

starfsmanni bandalagsins verður einnig hægt að skoða hvort hægt sé að færa ákveðin verkefni af borði sveitarfélagsins yfir á borð bandalagsins, s.s. úthlutun á tímum í íþróttamannvirkjum sveitarfélagsins.

Nefndin leggur til að ráðið verði í hálfstöðugildi hjá ÍRB og stefnt verði að því að ÍRB fái heilt stöðugildi eins fljótt og auðið er.

9. Sundráð ÍRB

Ekki er neinn samningur við Sundráð ÍRB. Deildin hefur á undnaförnum árum misst fasta tekjupósta s.s. auglýsingatekjur á útisvæði í Vatnaveröld sem og að sjálfsali sem þau höfðu yfir að ráða var tekinn af þeim án samráðs.



Nefndin leggur til að gerður verði samningur við Sundráð ÍRB upp á 3.000.000 kr. til að efla barna og ungmennastarf Sundráðs ÍRB.

10. Styrkumsókn körfuknattleiksdeildar Keflavíkur



Erindi frá formanni Keflavíkur og formanni körfuknattleiksdeildar Keflavíkur um styrk upp á 5.000.000 kr. (2022010445)

Erindinu var vísað til nefndarinnar.

Nefndin telur að rétt sé að samþykkja erindið.

11. Samningar við Golfklúbb Suðurnesja



Reykjanesbær er með tvo samninga við Golfklúbb Suðurnesja. Annar er upp á 1.200.000 kr. um rekstur púttvalla við Mánaföt og hins vegar upp á 3.000.000 kr. til að efla barna og ungmennastarf klúbbsins.

Samningurinn um rekstur púttvalla hefur fylgt verðlagsþróun og samningurinn um barna og ungmennastarfið er ágætur og þ.a.l. ætti að vera keppikefli að koma slíkum samningum á við aðrar deildir áður en sá samningur er hækkaður.



12. Hestamannafélagið Máni

Hestamannafélagið Máni er með samning um eflingu barna og ungmennastarfs við Reykjanesbæ upp á 1.280.000 kr. fyrir árið 2023. Samningurinn var fyrst gerður árið 2019 upp á 1.200.000 kr.

Íþrótt- og tómstundaráð vísaði máli (2023010525) um viðræður við þátttöku í rekstri reiðhallarinnar, þar sem kostnaður félagsins vegna HS veitna var t.a.m. 1.600.000 sem að félagið greiðir sjálf.

Nefndin telur að Reykjanesbær eigi að taka við þessum greiðslum og aðstoða þannig við rekstur félagsins.

Ef að samningurinn hefði fylgt verðlagsþróun þá væri samningurinn í 1.446.000 kr. Að auki þá hafa bæst við verkefni s.s. Hestur í fóstur og starf fyrir fatlaða.

Nefndin leggur til að samningurinn hækki í 1.700.000 kr.

13. Hvatagreiðslur

Hvatagreiðslur í Reykjanesbæ eru 45.000 kr. fyrir árið 2023 sem er sama fjárhæð og var árið 2022. Misjafnt er eftir sveitarfélögum hversu hár styrkurinn er. Akureyri er með 45.000 kr. Hafnarfjörður 54.000 kr. Garðabær 55.000 kr. Kópavogsbær 56.000 kr. og með 85.000kr. fyrir 5 ára börn, Reykjavík 75.000 kr.

Nefndin leggur til að hvatagreiðslur verða hækkaðar til að fylgja þróun annarra sveitarfélaga.

14. Tómsundur aldriðra

Í ljósi þess að svokallað Janusarverkefni er að hætta í Reykjanesbæ þá leggur **nefndin** til að gert verða samkomulag við aðalstjórnir Keflavíkur og Njarðvíkur um íþrótt- og heilsuskóla sem starfræktur yrði allt árið til að styðja við heilsueflingu eldra fólks. Fyrirmyndir af slíku úrræði má finna hjá íþróttafélögum í höfuðborginni.

Kostnaður væri um 18.000.000 kr. árlega.

Lokaorð

Það er mat nefndarinnar að bæta þurfi verulega í málaflokk íþrótta í Reykjanesbæ til að geta talist samanburðarhæf við sambærileg sveitarfélög.

Rekstur íþróttafélaga hefur að miklu leyti verið rekið af sjálfbóðaliðum sem eru að brenna út og rekstrarumhverfi íþróttahreyfingarinnar í Reykjanesbæ er afar erfitt.

Forystufólk Keflavíkur og UMFN þarf að huga að frekara samstarfi því þar sem er samvinna þar sigrar allir en þar sem er samkeppni verður einhver undir.

Mikilvægt er að bæta þeim fjármunum sem vantar í málaflokkinn sem fyrst við svo að Reykjanesbær geti titlað sig sem íþróttabæ næstu árin og áratugina.

Eftirtaldir aðilar skipuðu starfshópinn:

Árni Þór Ármannsson rekstrarstjóri íþróttamannvirkja.

Jónas Guðni Sævarsson formaður nefndar og Hjördís Baldursdóttir fulltrúar bæjarstjórnar.

Rúnar Vífill Arnarson formaður íþróttabandalags Reykjanesbæjar.

Garðar Newman, Keflavík, íþrótta- og ungmennafélag.

Hjalti Már Brynjarsson UMFN

Hámundur Örn Helgason sat fundi nefndarinnar í fjarveru Hjalta Márs Brynjarssonar.

Starfsmaður nefndarinnar var Hafþór Birgisson íþrótta- og tómstundafulltrúi.

F.h. vinnuhóps

Jónas Guðni Sævarsson

formaður



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS